

3.	Póstafgreiðandinn á Ísafirði	250 kr.
4.	— " — í Mýrasýslu (Arnarholti)	130 —
5.	— " — á Stykkishólmi	125 —
6.	— " — í Múlasýslu (Höfða)	128 —
7.	— " — á Eskifirði	100 —
8.	— " — í Þingeyjarsýslu (Grenjaðarstað)	100 —

17

8. febr.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

— Brjef landshöfðingja til þorgríms hjeraðslæknis á Akureyri um styrk handa amtsbókasafni. — Áður en meira er gjört út af beiðni yðar, herra hjeraðslæknir frá 10. f. m. um útborgun á því fje, sem veitt hefir verið amtsbókasafninu á Akureyri um árið 1882, bið jeg mjer senda skrá yfir bækur þær, sem bætzt hafa við tjeð bókasafn, síðan síðasta skrá var send mjer, og reikning fyrir fje því, er bókasafninu hefir verið veitt úr landssjóði um árin 1880 og 1881. 18 8. febr.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um búnaðarskóla á Hólum í Hjaltadal. — Í brjefi 30. desember f. á. hefir amtsráðið í norður- og austurumdæminu sent mjer skýrslu um það, hvað hingað til sje gjört til að stofna búnaðarskóla í umdæminu; er þar skýrt frá, að fyrirhugað sje að stofna slíkan skóla á Hólum í Hjaltadal, og sje fyrst um sinn svo til ætlað, að hann verði búnaðarskóli fyrir Skagafjarðarsýslu, en þó svo, að komist samkomulag á milli hlutaðeigandi sýslunefnda, verði Húnavatnssýslu, og, ef til kemur, Eyjafjarðarsýslu gefinn kostur á, að taka með samþykki amtsráðsins þátt í stofnun skólans. Hefir amtsráðið mælt með, að til stofnunar skóla þessa verði sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitt 9000 kr. lán af viðlagasjóði af fje því, sem fjárlögin fyrir árin 1882 og 1883 áætla til lána handa búnaðarskólum í norður- og austurumdæminu, og að Skagafjarðarsýsla megi fá sinn hlut að tiltölu rjettri eptir fasteignarhundraðatölu sýslunnar af búnaðarskólasjóði norður- og austurumdæmisins, sem safnast hefir af búnaðarskólagjaldi því, sem heimilað var með tilsk. 12. febr. 1872, og svo það, er framvegis verður inn heimt af gjaldi þessu þar í sýslunni. 19 9. febr.

Út af þessu tjái jeg yður nú, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer kunngjörð þeim það, sem hlut eiga að máli, að jeg fellst hjer með á ofannefndar tillögur amtsráðsins, og bæti jeg því við, að hið umrædda lán af viðlagasjóði mun verða veitt sýslunefnd Skagafjarðarsýslu í 11. júní gjalddaga þ. á. mótt 6% greiðslu árlega í vexti og afborgun í 28 ár, og móti því að jörðin Hólar í Hjaltadal verði veðsett fyrir láninu með öllu, er henni fylgir, og sjerstaklega einnig skólahús það sem ráðið er að reisa á jörð þessari.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um leigumála á kaupstaðarlóð. — Með brjefi 12. desember f. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef frá sýslumanninum í Sudur-Múlasýslu, þar sem hann með tilvísun til landshöfðingjabrjefs 31. janúar 1880 sækir um staðfestingu á leigumála eða bygg- 20 9. febr.